



14. október 2011

Tilkynning frá Landsbanka vegna umræðu um niðurfærslu lána einstaklinga og heimila

Vegna umræðu undanfarinna daga og vikna, m.a. á Alþingi um svokallað svigrúm banka til afskrifta eða niðurfærslu á lánum til einstaklinga, vill Landsbankinn koma eftirfarandi á framfæri.

Þegar samið var um kaup Landsbankans hf. á lánasafni einstaklinga af LBI hf. (gamla bankanum) árið 2009 nam niðurfærsla kaupverðsins **46 milljörðum** króna til að mæta útlánaáhættu. Niðurfærsla bankans á lánum einstaklinga nema nú þegar tæpum **61 milljarði** króna. Mismunurinn, **15 milljarðar** króna, hefur verið gjaldfærður í reikningum bankans á árinu 2010 og 6 mánaða uppgjöri 2011.

Hér að neðan má sjá hvernig niðurfærslur lána einstaklinga skiptast:

Niðurfærslur	Upphæð
Endurútreikningur erlendra lána, er falla undir svokallaðan Mótormax dóm	10,1
Endurútreikningur erlendra lána einstaklinga, dómur Hæstaréttar, júní 2010	23,4
20% vaxtaendurgreiðsla	4,4
Lækkun annarra skulda (úrræði kynnt í maí 2011)	3,6
110% leiðin	15,2
Önnur úrræði, þar með talin eldri 110% leið, 25% lækkun erlendra lána o.fl.	4,3
Samtals	61,0

Rétt er að taka fram að tölur frá dótturfélagi bankans sem þá var, SP – fjármögnun eru ekki hluti af þessu yfirliti.

Nánari upplýsingar

Kristján Kristjánsson; pr@landsbankinn.is

4104011 & 899 9352

